

GLER Í BERGVÍK - Sigrún Ó.Einarsdóttir

Sigrún Einarsdóttir glerlistamaður stofnaði glerblástursverkstæðið Gler í Bergvík með eiginmanni sínum, Søren Larsen, árið 1982, en síðan 2003 hefur hún rekið það ein. Þar sem Sigrún er sú eina sem hefur þjálfun í glerblæstri, ræður hún blásara og – nema erlendis frá sér til aðstoðar, aðallega frá Norðurlöndum og Bandaríkjunum.

Glerið er brætt yfir nótt í keramikdeiglu við 1200-1400 gráður en vinnuhitinn er oftast 1130-1170 gráður.

Glerblástur er a.m.k. 2000 ára og á uppruna sinn við Miðjarðarhafið (Sýrland). Það er vandasamt handverk sem felst í því að forhitaðri glerpípunni – sem er holt járnror – er dýft í bræddan glermassann og snúið um leið og hún er tekin hægt upp (eins og að veiða síróp á bandþrjón). Glerbitinn er síðan mótaður með blautum tréblokkum, tångum og dagblöðum milli þess sem blásið er í rörið. Þar sem glerið kólnar jafnt og þétt er nauðsynlegt að endurhita það nokkrum sinnum meðan á mótun stendur. Þegar gripurinn er fullblásinn er hann festur í botninn á járstöng með heitum glerbita á endanum og sleginn af þannig að hann er fastur við járnstöngina. Brotni endinn er síðan hitaður upp og gripurinn “opnaður” – eða endanlega mótaður með tångum og blautum dagblöðum.

Árið 1979 lauk Sigrún menntun sem glerhönnuður frá Skolen for Brugskunst (sem nú heitir Danmarks Designskole). Hún hefur unnið jöfnum höndum að myndlist og listiðnaði en stundum vega munir hennar salt milli nytjalistar og skúlpura.

Af nytjahlutum má nefna skálar, kertastjaka, karöflur og glös, en glasaserían ARTIKA – (9 glasa serían hennar og Søren) hefur m.a. verið nýtt í sendiráðum Íslands í Brussel, Kanada, Japan og Indlandi og í sendiherrabústaðnum í Berlín. Glös, karöflur og vasar eru einnig notuð bæði í Stjórnarráði Íslands og á Alþingi. Svo hefur forseti Íslands og Alþingi gefið erlendum þjóðhöfðingjum og öðrum gestum sérinna muni frá Gler í Bergvík.

Ólguskálararnar eru ein nýjasta hönnun Sigrúnar, en þær eru einmitt munir sem dansa á mörkum nytja- og skúlpúrs. Í þeim virðir Sigrún vilja glersins og leyfir eiginleika þess njóta sín til fulls.

Í myndsköpun sinni kemur Sigrún víða við, ýmist glæðir hún muni sína fjörugum frásögnum í blásnum vasaformum eða hún vinnur veggverk og skúlpúra, og notar þá oft afar fjölbreytta tækni ss. ofnsteypt gler, sambrætt og glermálað (-þrykkt).

Sigrún hefur tekið þátt í fjölmörgum list-og hönnunarsýningum víða um heim, auk þess að hafa haldið nokkrar einkasýningar og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín.

Hún hefur haldið nokkra fyrirlestra – bæði á Norðurlöndum, í Japan og í Bandaríkjunum. Hún er gestakennari við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Nú stendur yfir sýning norrænna glerlistamanna GLASS 2011, í Gjövík í Noregi. Þar eru Sigrún, ásamt Brynhildi Þorgeirsdóttur, fulltrúar Íslands. Í þessu tilefni var Sigrúnu boðið til Noregs til þess að halda fyrirlestur um verk sín.